

List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á svið barnamenningar fyrir grunnskólabörn

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn sem og stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 17. mars 2023.**

MAT Á UMSÓKNUM

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum unnin af metnaði og af fagfólki. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun úthlutunar mun liggja fyrir eigi síðar en **19. maí 2023.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu
List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



List fyrir alla